

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 25. apríl 2022
UST202204-052/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting – Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027 - Laugarás

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015- 2027 fyrir Laugarás.

Í greinargerð kemur fram að helstu breytingarnar eru að þéttbýlismörkum er breytt lítillega, skilgreint er nýtt hesthúsasvæði sem er norðaustast, Holtagata er færð til suðvesturs og tengist Skálholtsvegi á mótis við Launrétt og bætt er við hringtorgum og norðan Bæjarholts er nýtt íbúðarsvæði, Efri-Hamar. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir sameiginlegu fráveitukerfi og hreinsistöðvum fyrir byggðina, gert er ráð fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis á tveimur lóðum, verslunar- og þjónustusvæði við Holtagötu stækkar, skilgreint er iðnaðarsvæði fyrir núverandi vinnslu á jarðhita og heimiluð frekari nýting hans, afþreyingar- og ferðamannasvæði er fellt út og sett inn opin svæði þar sem annars vegar er leikvöllur og hins vegar útivistarsvæði.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ og mikilvægt sé að það komi fram í greinargerð tillögunnar þar sem gerð er krafa á tveggja þrepa hreinsun.

Urðunarstaður

Umhverfisstofnun bærust upplýsingar um að á svæðinu ÍP10 í skipulaginu hafi á árunum fyrir 1989 verið rekinn urðunarstaður. Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 9. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg skal heilbrigðisnefnd gera frummat á aðstæðum. Skv 12. gr sömu reglugerðar er Umhverfisstofnun að vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af ofangreindri reglugerð við gerð umhverfismats.

Í viðauka reglugerðar 1400/2020 eru sett fram viðmiðunarmörk mengandi efna og fyrir íþróttasvæði skal jarðvegur hreinsaður samanber landnotkun íbúðasvæðis og ef jarðvegur er mengaður af alvarlegum sjúkdómsvöldum, svo sem miltisbrandi eða sauðfjárriðu skal hreinsa svæðið með þeim hætti að tryggt sé að engir sjúkdómsvaldar séu til staðar.

Hverasvæði

Í greinargerð kemur fram að hverasvæðið sem er innan þéttbýlisins fellur að hluta til undir hverfisverndarsvæðið við Vaðla (HV13), sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Þar verður lögð áhersla á að vernda votlendi,



UMHVERFIS

STOFNUN

gróður og fuglalíf. Lágmarka skal áhrif mannvirkja og gera grein fyrir ákvæðum og skilmálum í deiliskipulagi þéttbýlisins.

Þrátt fyrir ofangreint kemur fram að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram með skýrum hætti á hvaða hátt tillagan muni hafa neikvæð áhrif á verndarsvæðin.

Í greinargerð segir að í deiliskipulagi skal setja skilmála sem tryggja að komið verði í veg fyrir óþarfa rask við nýtingu jarðhitans. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálar skipulagsins taki mið af ákvæðum náttúruverndarlaga en í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan takið mið af ofangreindum ákvæmum laganna við gerð umhverfismats.

Auk þess bendir stofnunin á að meta þarf og fjalla um hver áhrif vatnstökunnar verða á hverasvæðið og lífríkið sem tengist þeim.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á verndarsvæðinu þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vernda hverasvæðið og lífríkið sem tengis þeim og valið sé iðnaðarsvæði til sjálfbærrar heitavatnstöku sem hefur ekki neikvæð áhrif á hverasvæðið og því lífríki sem því tengist.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvænleikanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Gróðurfar

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt ábendingum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins plöntur sem eru friðaðar samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna og samkvæmt 6. gr. auglýsingarinnar er bannað að eyðileggja eða skaða þessar plöntutegundir á vaxtarstöðum þeirra.

Í greinargerð segir að í deiliskipulagi skal setja skilmála sem tryggja að komið verði í veg fyrir óþarfa rask við nýtingu jarðhitans. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálar skipulagisins taki mið af ákvæðum friðunnarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun eru hversu sjaldgæfar plönturnar eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra plantna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð og tillagan takið mið af ofangreindri auglýsingu við gerð umhverfismats.

Auk þess bendir stofnunin á að nauðsynlegt er í samræmi við 8. gr. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að farið sé í rannsóknir á svæðinu og friðaðar plöntur kortlagðar, en skv. 8. gr. náttúruverndarlaga skulu ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna byggjast, eins og kostur er, á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Í 9. gr. náttúruverndarlaga er tekið fram að ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Þá ber að meta áhrif á náttúru svæðis út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir, sbr. 10. gr. laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

